

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Hvalfirði



<b>Dags eftirlits</b>	6.12.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnlaugur Pálmason	<b>Staðsetning</b>	381456,135	435175,315

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Ein athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðablöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Allir 11 geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir voru þrýstiprófaðar á árinu, enda voru gerðar breytingar á lögnum til þess að löndun á eldsneyti geti farið fram á Miðsandsbryggju. Einnig var gufusöfnun beggja stöðvanna í Hvalfirði sameinuð. Á skrá eru fjórar eldsneytislagnir, 311.50.00, 311.51.00, 311.60.00 og 311.64.00 auk gufusöfnunarlagna. Til stendur að endurnúmera lagnirnar vegna breytinga sem gerðar voru í sumar.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, geymar og þrær skoðaðar auk frárennismála og olíuskilja. Stöðin var tóm þegar komið var í eftirlit, utan slatta af bensíni sem hafður er í stöðinni til þess að hægt sé að keyra gufuendurnýtingartækið. Framleiðandi tækisins kemur í þjónustuheimsókn strax og bensín verður sett í stöðina.

Þrjár þrær eru í stöðinni um geymana og tengjast þeim þrjár olíuskiljur. Gengið var á alla loka í þróm og stóð loki í þró A opinn en hinir lokaðir. Mælingar á olíuleifum í frárennslí olíuskiljanna sýndu að fráveita stöðvarinnar stenst kröfur sem gerðar eru. Olíuskiljur hafa verið þjónustaðar.

### Frávik frá

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.5 um að geymar skuli vera í olíuheldri þró.

### Lýsing á fráviki

Loki í þró A var skilinn eftir opinn síðast þegar rigningavatn var tæmt úr þrónni. Búið er að loka þrónni og verður ekki önnur eftirfylgni út af þessu.

## ATHUGASEMDIR

Ljúka þarf endurmerkingu lagna og skulu lagnanúmer koma fram á teikningum af stöðinni.

Reykjavík, 12.12.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.